

## 1971 nr. 88 24. desember

### Lög um 40 stunda vinnuviku

Tóku gildi 1. janúar 1972. Breytt með: L. 25/1979 (tóku gildi 1. júní 1979). L. 94/1982 (tóku gildi 31. des. 1982).

#### ■ 1. gr.

□ Lög þessi taka til allra launþega í landinu, annarra en þeirra, sem hér eru taldir:

- Sjómenn á fiskiskipum.
- Kaupafólk og vinnuhjú, nema ráðin séu til starfa samkvæmt kjarasamningum verkálýðsfélaga og vinnuveitenda.
- Launþegar, sem vinna heimavinnu eða önnur þau störf, sem vinnuveitandi hefur ekki aðstöðu til að fylgjast með.
- Forstöðumenn og sérstakir fulltrúar í störfum, sem eru þess eðlis, að eftirliti með vinnutíma verði ekki við komið.

□ Þar sem rætt er um aðila í lögum þessum, er átt við aðila vinnumarkaðarins.

#### ■ 2. gr.

□ [Í hverri viku skulu ekki vera fleiri en 40 dagvinnutímar, sem vinna ber á því dagvinnutímabili á virkum dögum vikunnar, sem aðilar koma sér saman um. Heimilt er að semja um skemmri vinnuviku.

□ Að jafnaði skulu unnar 8 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum frá mánudegi til föstudags, nema annar vinnutími henti betur af sérstökum ástæðum og um það sé samið af aðilum.

□ Heimilt er að semja um tilfærslu á dagvinnutímum, þannig að dagvinnutímar verði fleiri en 40 á tilteknum árstímum og færri á öðrum, en að meðaltali á ári hverju ekki fleiri en 40. Þetta gildir þó aðeins í þeim tilvikum, þar sem slíkur háttur hefur verið á hafður fyrir gildistöku laga þessara.

□ Þegar dagvinnu er skilað með 8 stunda vinnu á dag frá mánudegi til föstudags skal næturvinna taka við á föstudögum strax og lögboðinni eða umsaminni vinnuviku er lokið.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 25/1979, 1. gr.

#### ■ 3. gr.

□ Heimilt er að semja um vaktavinnu, og taka ákvæði þess-

ara laga ekki til þess vinnufyrirkomulags að öðru leyti en því, að ekki skal miða við fleiri en 40 klst. dagvinnu á viku, að meðaltali.

#### ■ 4. gr.

□ Matartími skal ekki skemmri vera en 30 mínútur, og telst hann ekki til vinnutíma. Aðilar koma sér saman um, hvenær á vinnutímabilinu matartími skuli vera.

#### ■ 5. gr.

□ Kaffihlé teljast til vinnutíma, en um lengd þeirra og fjölda fer eftir samkomulagi aðila.

#### ■ 6. gr.

□ Fridagar eru helgidagar þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og 17. júní, enn fremur aðfangadagur jóla og gamlársdagur frá kl. 13.

□ [Frá og með árinu 1983 skal fyrsti mánudagur í ágúst vera frídagur og skal greiða laun fyrir þann dag samkvæmt sömu reglum og gilda í kjarasamningum um aðra almenna frídaga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 94/1982, 1. gr.

#### ■ 7. gr.

□ Víkja má frá lögum þessum með samningum, sem staðfestir eru af hlutaðeigandi heildarsamtökum.

□ Með heildarsamtökum er hér átt við landssambönd innan Alþýðusambands Íslands og Alþýðusamband Íslands vegna þeirra félaga, sem ekki eru í landssamböndum þess, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnu-málasamband samvinnufélaganna. Staðfestingu heildarsamtaka vinnuveitenda þarf þó ekki við, þegar í hlut eiga ríkið, sveitarfélög og stór fyrirtæki, sem ekki eru í vinnuveitendasamtökum.

#### ■ 8. gr.

□ Vinnutímastytting sú, sem felst í lögum þessum, hefur ekki í för með sér skerðingu á viku- og mánaðarlaunum.

#### ■ 9. gr. . . .

■ Ákvæði til bráðabirgða. . . .